

Nr. 18-014 S 006 Guðbjörg GK 666***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2468
 Smíðaður: Kína, 1981, stál.
 Útgerð: Stakkavík ehf.
 Stærð: 193,75 bt.
 Mesta lengd: 25,43 m Skráð lengd: 23,18 m
 Breidd: 6,40 m Dýpt: 3,70 m
 Vél: Cummins, 448 kw, 2001.
 Fjöldi skipverja: 5



Guðbjörg @ Emill Páll

Gögn:
 Lögregluskýsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. apríl 2018 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Pann 21. janúar 2018 var Guðbjörg GK 666 á línuveiðum vestur af Sandgerði. Veður: ANA 7 m/s.

Tvær glussadrifnar lúgur voru á skut bátsins og ætluðu skipverjar að rétta færið á línunni milli þeirra utan frá. Lúgan bakborðsmegin var opin en stjórnborðslúgan lokuð. Þegar opna átti þá lúgu, til að taka við færinu, var tekið í röng stjórnök þannig að bakborðslúgan lokaðist með þeim afleiðingum að skipverji varð á milli með þumalfingur hægri handar.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði óskaði eftir því að stb. lúgan yrði opnuð;
- að stjórnökkin fyrir báðar lúgurnar voru hlið við hlið (*sjá mynd*), jafnlangar og án merkinga;
- að stjórnökkin voru staðsett á miðju vinnsluþilfari höfðu verið staðsett þar frá því báturinn hafði verið á netaveiðum en honum var breytt til línuveiða árið 2006;



Stjórnökkin fyrir lúgurnar

- að lúgurnar opnuðust ekki nema upp um þriðjung og þegar þeim var lokað lokuðust þær með skelli og ekki hægt að gera það á annan hátt;
- að lúgurnar voru á lömum og hringlaga tjakkar með örmum niður á lúgurnar. Tjakkarnir snérust hægt í notkun en framkvæmdu mikla hreyfingu á lúgurnar við lokun;
- að lúgurnar voru opnaðar þegar millibólið var látið fara sem var þrisvar á sólarhring. Þá var minni lúgan opnuð en stóra lúgan var opnuð oftár þar sem millibólin voru tekin inn um hana;
- að sögn skipstjóra höfðu menn, eftir slysið, rætt um að færa stjórnstangir fyrir lúgurnar;
- að slasaði var vanur um borð.



Lúgurnar á skut bátsins

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til óviðunandi vinnuástöðu vegna stjórnunar lúganna.

Nefndin hvetur stjórnendur skipsins til að endurskoða staðsetningu á stjórnstökum lúganna og merkja þau til aðgreiningar.